til að veita aðstoð við að framfylgja banni við sýningu eða dreifingu kvikmyndar eða tölvuleiks. Fjölmiðlanefnd hefur þannig engin önnur eða vægari úrræði til að framfylgja lögunum.

Fjölmiðlanefnd telur afar brýnt að lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006 verði tekin sem fyrst til gagngerrar endurskoðunar. Bent er á að ýmis ákvæði eru þess eðlis að ábyrgðaraðilar telja sig ekki geta uppfyllt þau. **Þá hafa ábyrgðaraðilar ekki, nú átta árum eftir gildistöku laganna, uppfyllt mörg ákvæði laganna, þ.m.t. að setja sér verklagsregur í samræmi við lög.**

Smáís, samtök sem falið var viðtækt hlutverk, þ.m.t. að vera samningsaðili við NICAM í Hollandi, eru gjaldþrota. Ábyrgðaraðilar, sem fólu Smáís þetta hlutverk, virðast heldur ekki hafa sjálfir gætt þess að farið væri að lögum. Þess ber líka að geta að ábyrgðaraðilar sáu ekki til þess að **samningur um notkun alþjóðlega viðurkennds skoðunarkerfis væri undirritaður fyrr en sjö árum eftir að lögin tóku gildi**. Ekki var gengið frá samningi fyrr en eftir að fjölmiðlanefnd hafði ítrekað óskað eftir uppýsingum og skýringum frá ábyrgðaraðilum.

Fjölmiðlanefnd vill að lokum benda á að nauðsynlegt er að skoða sérstaklega þær heimildir sem nefndin hefur samkvæmt lögum og þær fjárveitingar sem hún fær til að nefndin geti haft virkt eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt almenningi til hagsbóta.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,

Karl Axelsson

Elfa Ýr Gylfadóttir

Hjálagt: Verklagsreglur Smáís á heimasíðunni www.kvikmyndaskodun.is

Athugasemdir Samtaka myndrétthafa á Íslandi, Smáís, við lög nr. 62/2006 um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum sendar fjölmiðlanefnd 6. ágúst 2013.

Afrit af bréfi sent til 365 miðla ehf., Skjásins, Senu, Myndforms, Ríkisútvarpsins, Sam-Félagsins dags. 30. september 2014.